

**Miðlunartillaga ríkissáttasemjara**  
**í**  
**kjaradeilu**  
**Ljósmeðrafélags Íslands**  
**annars vegar**  
**og**  
**fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs**  
**hins vegar**

**Lögð fram 16. september 2008**

Samkomulag er um að Ljósmeðrafélag Íslands sjái um atkvæðagreiðslu félagsmanna sinna undir eftirliti ríkissáttasemjara.

Miðlunartillagan verður send til félagsmanna á rafrænu formi og atkvæði verða greidd rafrænt. Lykilorð félagsmanna til atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun verða nýtt. Vanti félagsmenn lykilorð munu þeir fá það hjá félaginu. Atkvæðagreiðslan hefst kl. 12:00, miðvikudaginn 17. september 2008 og lýkur kl. 12:00 föstudaginn 19. september 2008. Stefnt er að því að niðurstaða talningar liggi fyrir kl. 14:00, föstudaginn 19. september 2008.

Fjármálaráðherra skal skila atkvæði sínu til ríkissáttasemjara fyrir kl. 12:00 föstudaginn 19. september 2008.

Miðlunartillagan verður ekki birt öðrum en þeim sem hlut eiga að máli fyrr en atkvæði hafa verið greidd um hana, sbr. lög nr. 80/1938.

Samhliða framlagningu þessarar miðlunartillögu hefur Ljósmeðrafélag Íslands samþykkt að aflýsa því verkfalli sem koma átti til framkvæmda kl. 24:00 hinn 16. september 2008.

Jafnframt eru aðilar sammála um að fresta meðferð Félagsdómsmáls um lögmati uppsagna ljósmeðra og að málið falli niður verði miðlunartillagan samþykkt enda hvetji Ljósmeðrafélag Íslands félagsmenn sína til að afturkalla uppsagnirnar.

**Miðlunartillaga ríkissáttasemjara í kjaradeilu Ljósmeðrafélags Íslands annars vegar og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs hins vegar.**

**1. grein**

**Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. ágúst 2008 til 31. mars 2009 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í tillögu þessari felast.

**2. grein**

**Laun**

Frá 1. ágúst 2008 gildir eftirfarandi launatafla:

	Álagsþrep								
Lfl	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	253.033	259.358	265.683	272.008	278.332	284.657	290.982	297.307	303.632
02	264.662	271.277	277.893	284.507	291.123	297.739	304.354	310.969	317.584
03	276.874	283.786	290.698	297.609	304.555	311.467	318.378	325.290	332.202
04	289.697	296.938	304.179	311.420	318.659	325.900	333.141	340.381	347.623
05	303.159	310.737	318.314	325.892	333.468	341.046	348.624	356.200	363.778
06	317.294	325.225	333.156	341.087	349.016	356.946	364.877	372.808	380.739
07	332.137	340.439	348.740	357.042	365.343	373.645	381.946	390.248	398.548
08	347.722	356.413	365.104	373.795	382.484	391.175	399.866	408.557	417.248
09	364.086	373.220	382.354	391.488	400.484	409.619	418.753	427.886	437.020
10	381.268	390.858	400.448	410.038	419.385	428.974	438.564	448.154	457.744
11	399.309	409.367	419.426	429.484	439.229	449.288	459.345	469.404	479.462
12	418.253	428.760	439.267	449.774	460.068	470.574	481.080	491.588	502.094
13	438.143	449.148	460.153	471.158	481.946	492.950	503.956	514.960	525.965
14	459.029	470.555	482.081	493.608	504.919	516.445	527.972	539.497	551.023
15	480.958	493.032	505.107	517.181	529.040	541.115	553.190	565.264	577.340
16	503.982	516.578	529.174	541.770	554.367	566.963	579.560	592.155	604.752
17	528.159	541.360	554.561	567.761	580.960	594.162	607.362	620.563	633.764
18	553.544	567.380	581.214	595.048	608.885	622.720	636.555	650.389	664.224

### **3. grein**

Grein 1.5.1 um tímakaup í yfirvinnu breytist og verður sem hér segir:

1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 0,95% af mánaðarlaunum skv. gr. 1.1.1 sbr. gr. 1.2.1 og 1.2.2.

### **4. grein**

Persónuuppbót skv. gr. 1.7.1 (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2008 kr. 44.100.

### **5. grein**

Grein 2.6.2 breytist og verður sem hér segir:

2.6.2 Vaktaskrá lögð fram

Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum, skal vaktaskrá er sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns, lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Ef vaktaskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 168 klst. (ein vika) skal greiða 1 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

Taki starfsmaður vakt umfram vinnuskyldu, með minna en 24 klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00-24:00 á föstudögum, kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga, sbr. gr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst. vakt, skal greiða 1 klst. í yfirvinnu og hlutfallslega fyrir lengri eða styttri vaktir.

### **6. grein**

Greinar 2.5.8 og 2.6.13 falla niður.

### **7. grein**

Aðilar eru sammála um að leggja af vísindasjóð, samkvæmt gr. 10.4 og hefur launataflan verið hækkuð sem því nemur. Í tengslum við það verður gert samkomulag um tilhögun sí- og endurmenntunar háskólamanna, sbr. bókun með samkomulagi annarra BHM-félaga dags. 28. júní 2008.

## **8. grein**

Grein 12.2.5 um mat á ávinnsurétti veikindaréttar verður sem hér segir:

Við mat á ávinnsurétti starfsmanns skv. gr. 12.2.1 skal auk þjónustualdurs hjá viðkomandi launagreiðanda einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé.

Á fyrstu 3 mánuðum samfelldrar ráðningar skal þó fyrri þjónustualdur samkvæmt þessari grein ekki metinn nema að viðkomandi starfsmaður hafi samfelldan þjónustualdur hjá framangreindum launagreiðendum í 12 mánuði eða meira.

## **9. grein**

Grein 12.8.1 um veikindi barna yngri en 13 ára verður sem hér segir:

Annað foreldri á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

## **10. grein**

Fjármálaráðherra tryggir stofnunum þar sem ljósmæður starfa sérstakt framlag sem nemur 5% af heildarlaunakostnaði ljósmæðra. Framlaginu er ætlað að gera aðilum stofnanasamninga kleift að taka sérstakt tillit til tvöfalds starfsleyfis ljósmæðra.

Í þeim tilvikum þar sem slíkt er þegar útfært í stofnanasamningi skulu aðilar semja um hliðstæða hækkun.

Framlagið reiknast frá og með 1. ágúst 2008.

## **11. grein**

Niðurstaða miðlunartillögunnar gildir frá 1. ágúst 2008 til 31. mars 2009 en fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

## **Eftirfarandi bókanir teljast hluti miðlunartillögunnar:**

### **Bókun 1**

Upplýsingagjöf til stéttarféлага um laun félagsmanna hefur verið með misjöfnum hætti undanfarin ár og farið í gegnum ólíka miðla. Aðilar eru sammála um að kerfisbinda þessa upplýsingagjöf sem samningsaðilar útfæra nánar og skal þeirri vinnu lokið fyrir árslok 2008.

### **Bókun 2**

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar sl. um að hefja þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu á árinu 2008 með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Á hann að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.

Aðilar eru sammála um að huga að endurskoðun núverandi tilhögunar vegna endurhæfingar með það að markmiði að veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Verði höfð hliðsjón af samkomulagi aðila á vinnumarkaði hvað varðar greiðslur frá ríkinu (0,13%) og stofnanir ríkisins sem vinnuveitendur (0,13%) og gildi sömu dagsetningar um greiðslur og samið var um á almennum vinnumarkaði. Eftt verði til samstarfs við önnur samtök launamanna og greiðslurnar inntar af hendi þegar samkomulag liggur fyrir.

### **Bókun 3**

Á samningstímanum munu aðilar annars vegar vinna áfram að endurskoðun á álagsgreiðslum vegna vaktaálags í samræmi við þær hugmyndir sem komið hafa fram í þeim viðræðum sem átt hafa sér stað í aðdraganda samkomulags þessa og hins vegar fara yfir stöðu frítökuréttar.

## **Eftirfarandi fylgiskjal telst hluti miðlunartillögunnar:**

Vegna skamms samningstíma er ekki tekið á stefnumótandi málum í þessari miðlunartillögu. Aðilar eru þó ásáttir um að ræða eftirtalin mál á samningstímanum.

### **Starfsþróun**

- Frekari stuðning við starfsþróunarstarf/starfsþróunaráætlanir. Styðja stofnanir til að vinna að bættum aðstæðum mannauðsmála, þó einkum stofnanir heilbrigðis- og félagsmálageira.

### **Lagaumhverfi**

- SELKO, samstarf um endurskoðun á lögum og reglum um starfsmenn ríkisins

### **Samningstexti**

- Samræming á texta kjarasamninga.

### **Vinnuumhverfi**

- Heilsueflandi vinnuumhverfi, svo sem vegna vaktakerfa.

### **Sí- og endurmenntun**

- Könnun á samstarfi um samhæfingu sí- og endurmenntunarákvæða í kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

### **Slysatryggingar**

- Sameiginleg yfirferð yfir tryggingaskilmála á opinberum og almennum markaði.

### **Launaþróun**

- Skoðun á kerfum sem notuð eru til að mæla fylgni launaþróunar á milli markaða, t.d. erlendis.